



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 7. desember 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Bréf:

- a. Afslins, samtaka gegn ofbeldi, dags 1. desember 2016

Með bréfinu er farið fram á rekstrarstyrk vegna þjónustu við brotaþola ofbeldis. Ekki var gert ráð fyrir styrk í fjárhagsáætlun.

- b. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 15. nóvember 2016

Með bréfinu er greint frá framlagi vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2017. Bréfið var til kynningar.

- c. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. nóvember 2016

Með bréfinu er upplýst um nýjar úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs sem voru meðfylgjandi bréfinu. Bréfið og reglurnar voru til kynningar.

- d. Hestamannafélagsins Snarfara, dags. 1. nóvember 2016

Hestamannfélagið óskar eftir styrk til ýmissa verkefna. Samþykkt að styrkja félagið um 500 þús. og gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

- e. Skólastjóra Höfðaskóla, dags. 22. ágúst 2016

Skólastjóri óskar eftir að kennurum við skólann bjóðist að kaupa fartölvur með stuðningi sveitarfélagsins eins og gert var vegna spjaldtölvuvæðingar.

Sveitarstjóra falið að fara yfir málið með skólastjóra og leggja mat á þörf, kostnað og áhuga skólafólks.

- f. Stígamóta, dags. 10. október 2016

Með bréfinu er farið fram á styrk til reksturs Stígamóta. Sveitarstjórn sá sér ekki fært að leggja fjármuni til þess rekstrar.

- g. Byggðasafnsins að Reykjum, dags. 8. nóvember 2016

Með bréfinu sem er tölvubréf er farið fram á að aðildarsveitarfélög byggðasafnsins leggi fé til endurbóta á húsakynnum safnsins. Sveitarstjórn taldi þann kostnað standa utan sammings um rekstur safnsins og þurfa frekari skýringar.

- h. Farskólans, dags. 28. september 2016

Með bréfinu er óskað eftir að sveitarfélagið greiði 95 þús. kr. vildargjald til Farskólans eins og undanfarin ár.



Erindið var samþykkt og vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

i. Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 23. nóvember 2016

Bréfið er afrit bréfs til Byggðasamlags um atvinnu- og menningarmál um rekstrarstyrk til safnsins. Bréfið var til kynningar.

**2. Fjárhagsáætlun 2017-2020 (seinni umræða)**

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2017-2020 til seinni umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar. Fjárhagsáætlun 2017-2020 samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2017 kemur fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 549.940 þús., þar af eru skatttekjur 400.088 þús. og rekstrartekjur 149.852 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 558.834 þús. þar af kostnaður vegna launa áætlaður 257.052 þús. Fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 13.000 þús. og rekstrarniðurstaða samstæðu er áætluð jákvæð um 4.106 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 65.988 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 120.700 þús. Stærsta einstaka fjárfesting í áætlun er 70 milljónir vegna gerðar smábátahafnar austan Skúffugarðs. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 64.712 þús. og handbært fé verði í árslok 562.661 þús. Í áætlun árána 2018-2020 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

**3. Fundargerðir:**

a. Stjórnar félags- og skólaþjónustu A-Hún, 24.11.2016

i. Fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu A-Hún 2017

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu sem stjórn hafði samþykkt á fundi 24.11.2016. Í henni kemur m.a. fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 85.918 þús. Skipting framlaga milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsþjónustu verði samtals 58.966 þús. til skólaþjónustu 15.850 þús. til dreifnáms 4.102 þús. og til öldrunarmála 7.000 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum er 22.322 þús. eða 26,0%. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina. Efni fundargerðarinnar var að öðru leyti til kynningar.

b. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 1.12.2016

i. Fjárhagsáætlun Tónlistarskólans

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún sem stjórn hafði samþykkt á fundi 1.12.2016. Í henni kemur m.a. fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 37.060 þús. sem skiptist þannig að til Tónlistarskóla eru 36.500 þús. og til lúðrasveitar 560 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum til Tónlistarskólans er áætlað 10.054 þús. og hlutdeild í rekstri lúðrasveitar 120 þús. Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina. Efni fundargerðarinnar var að öðru leyti til kynningar.

c. Stjórnar SSNV, 8.11.2016

Fundargerðin var til kynningar



- d. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 24.11.2016

Fundargerðin var til kynningar

- e. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 11.11.2016

Fundargerðin var til kynningar

- f. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 30.11.2016

Fundargerðin var til kynningar

- g. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 5. 12.2016

- i. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2017

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál sem stjórn hafði samþykkt á fundi 5.12.2016. Í henni kemur m.a. fram að heildarframlög sveitarfélaganna nemi samtals 25.064 þús. Hluttur Skagastrandar í framlögum til byggðasamlagsins er 26,23% eða 6.574 þús.

Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

Efni fundargerðarinnar var að öðru leyti til kynningar.

#### 4. Önnur mál

Samþykkt að styrkja kirkjuna og Rauðakrossdeildina um 150 þús. til stuðning við heimili sem eiga í fjárhagserfiðleikum um jólahátíðina.

Oddviti þakkaði sveitarstjórn samstarfið á árinu og óskaði gleðilegra jólahátíðar. Fundarmenn tóku undir og þökkuðu samstarfið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 9.45

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson